

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Eygló Harðardóttur um kærur um ofbeldi gegn börnum.

1. *Hversu margar tilkynningar eða kærur bárust frá barnaverndarnefndum til lögreglu um ofbeldi gegn börnum síðustu tíu ár?*

Í tilefni af fyrirspurninni aflaði ráðuneytið upplýsinga frá Barnaverndarstofu og fékk sendar upplýsingar um heildarfjölda beiðna þar sem barnaverndarnefnd óskaði lögreglurannsóknar á meintu refsiverðu broti gegn barni og upplýsingar um fjölda skýrslutaka í Barnahúsi frá árinu 2006 til 17. mars 2017.

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir fyrrgreindar upplýsingar fyrir framangreint tímabil. Þessar tölur innihalda allar beiðnir barnaverndarnefnda um lögreglurannsókn á tímabilinu sem varða kynferðislegt eða líkamlegt ofbeldi auk barnaverndarlagabrota, sbr. refsíákvæði XVIII. kafla barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Athuga ber að skýrslutökur í Barnahúsi vegna líkamlegs ofbeldis og heimilisofbeldis hófust í mars 2015.

Tafla 1.

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017 (17.3.)
Skýrslutökur fyrir dómi	55	56	103	56	56	66	53	96	76	127	116	19
Vegna kynferðislegs ofbeldis	55	56	103	56	56	66	53	96	76	77	60	12
Vegna líkamlegs og heimilisofbeldis ¹										50	56	7
Heildarfjölda barna þar sem barnaverndarn. óskaði lögreglurannsóknar á meintu refsiverðu broti gegn barni ²	70	56	119	76	65	90	71	78	53	83		

¹ Skýrslutökur vegna líkamlegs og heimilisofbeldis hófust í mars 2015.

² Þessar tölur innihalda allar beiðnir um lögreglurannsókn sem geta varðað fleira en kynferðislegt ofbeldi eða líkamlegt ofbeldi sbr. ákv. XVIII. kafla barnaverndarlaga um refsíákvæði. Tölur vegna ársins 2016 liggja ekki fyrir þar sem upplýsingar hafa ekki borist frá barnaverndarnefndunum, en skv. 1. mgr. 8. gr. barnaverndarlaga skulu barnaverndarnefndir skila skýrslu um starfsemi sína eigi síðar en 1. maí ár hvert.

Tölur um heildarfjölda tilvika þar sem barnaverndarnefnd óskaði lögreglurannsóknar liggja ekki fyrir vegna ársins 2016 þar sem upplýsingar hafa ekki borist frá barnaverndarnefndunum, en skv. 1. mgr. 8. gr. barnaverndarlaga skulu barnaverndarnefndir skila skýrslu um starfsemi sína eigi síðar en 1. maí ár hvert.

Í tilefni af fyrirspurninni leitaði ráðuneytið jafnframt eftir upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra sem hefur yfirumsjón með málaskrárkerfi lögreglunnar (LÖKE). Samkvæmt upplýsingum embættis ríkislögreglustjóra er ekki unnt að taka út úr málaskránni með einföldum hætti fjölda tilkynninga eða kæra sem bárust frá barnaverndarnefndum til lögreglu um ofbeldi gegn börnum.


Í eftirfarandi töflu 2 og á mynd 1 má hins vegar sjá fjölda ofbeldis- og kynferðisbrota gegn börnum samkvæmt málaskrárkerfi lögreglunnar 16. mars 2017. Er þá bæði um að ræða mál

tilkynnt af barnaverndarnefndum og öðrum aðilum. Á árunum 2007–2016 voru skráðir 2.300 árásarþola undir 18 ára aldri, eða 230 að meðaltali á ári. Þegar miðað er við fjölda árásarþola undir 18 ára aldri innan hvers árs voru þeir yfir tímabilið 2.463 og því urðu í sumum tilvikum árásarþolar ítrekað fyrir brotum yfir tímabilið.

Tafla 2. Fjöldi ofbeldis- og kynferðisbrota þar sem árásarþoli var undir 18 ára aldri og fjöldi árásarþola.

	Kynferðisbrot	Líkamsárás/ meiðingar*	Fjöldi brota samfals	Fjöldi árásar- þola á ári
2007	121	185	306	287
2008	184	154	338	312
2009	143	156	299	272
2010	143	114	257	232
2011	141	111	252	224
2012	129	92	221	209
2013	139	90	229	198
2014	134	95	229	212
2015	124	166	290	277
2016	147	132	279	240
Alls	1405	1295	2700	2463

*Með líkamsárásur/meiðingum eru einnig talin brot gegn 218. gr. b.



Mynd 1. Fjöldi árásarþola sem urðu fyrir ofbeldis- eða kynferðisbroti árin 2007–2016.

Upplýsingarnar voru teknar úr málaskrárkerfi lögreglu 16. mars 2017 og miðað við dagsetningu brots. Árásarþoli getur hafa orðið fyrir fleiru en einu broti innan árs. Í sumum málum er skráður grunur um mörg brot vegna sama atviks, t.d. nauðgunarbrot og sífjaspell, og í nokkrum tilvikum er um að ræða tvö brot vegna tveggja brota sem áttu sér stað á mismunandi tíma og/eða vettvangi. Um er að ræða öll kynferðisbrot sem falla undir kyn-

Á árinu 2010 voru tvö mál heimfærð undir 204. gr. almennra hegningarlaga. Var ákært í þeim báðum.

200.–202. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Tímabilið 2011–2015.

Kynferðisbrot (200.–202. gr. hgl.)

Ár	Alls			Niðurfellt			Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti	Ólokin mál
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	
2011	57	23	40	29	51	4	14	25	86	12			4		8		0		0
2012	72	28	39	39	54	7	18	32	82	20			2		18		0		0
2013	63	27	43	28	44	5	18	23	82	14			1		13		0		0
2014	63	34	54	18	29	1	6	14	78	2			0		1		1		2
2015	54	9	17	9	17	1	11	5	56	0			0		0		0		35

Á árinu 2011 bárust 57 mál sem heimfærð voru undir framangreint ákvæði. Af þessum 57 málum voru 23 mál felld niður og gefnar út ákærur í 29 málum. Einu máli lauk með ákæru-frestun. Tveimur málum lauk með því að rannsókn var hætt og tveimur lauk með að fallið var frá saksókn. Á árinu 2012 bárust 72 mál sem heimfærð voru undir framangreint ákvæði. Af þessum 72 málum voru 28 mál felld niður og gefnar voru út ákærur í 39 málum. Þremur málum lauk með skilorðsbundinni ákæru-frestun. Einnig var fallið frá saksókn í tveimur málum. Á árinu 2013 bárust 63 mál sem heimfærð voru undir framangreint ákvæði. 27 mál voru felld niður og gefnar voru út ákærur í 28 málum. Í einu máli var fallið frá saksókn og rannsókn var hætt í sex málum. Ákvörðun refsingar var frestað skilorðsbundið í einu máli. Á árinu 2014 bárust 63 mál sem heimfærð voru undir framangreind ákvæði. Af þessum 63 málum voru 34 felld niður og gefnar út ákærur í 18 málum. Ein ákæra var síðan afturkölluð þar sem málið var fyrnt og var það því felld niður. Fallið var frá saksókn í einu máli. Skilorðsbundin ákæru-frestun var gerð í átta málum. Enn á eftir að ljúka afgreiðslu í tveimur málum. Tvö mál eru ódæmd í héraði og eitt er ódæmt í Hæstarétti. Á árinu 2015 bárust 54 mál sem heimfærð voru undir framangreint ákvæði. Felld hafa verið niður níu af þessum málum. Fallið var frá saksókn í einu máli og ákæra gefin út í níu málum. Um áramót voru 35 mál óafgreidd.

204. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Tímabilið 2011–2015.

Kynferðisbrot (204. gr. gáleysi, sbr. 201. og 202. gr.)

Ár	Alls			Niðurfellt			Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Áfrýjað	Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti	Ólokin mál
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	
2011	1	0	0	1	100	0	0	1	100	1			0		1		0		0
2012	1	1	100	0	0	0	0	0	0	0			0		0		0		0
2013	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0			0		0		0		0
2014	4	2	50	1	25	0	0	1	100	0			0		0		0		0
2015	1	0	0	1	100	1	100	0	0	0			0		0		0		0

Á árinu 2011 var eitt mál heimfært undir framangreint ákvæði. Ákært var í málinu og var sakfelld í héraði. Málinu var síðan áfrýjað og því vísað heim í hérað. Var því áfrýjað aftur og var þá sakfelld. Á árinu 2012 var eitt mál heimfært undir framangreint ákvæði. Málið var felld niður. Á árinu 2013 barst ekkert mál sem heimfært var undir þetta ákvæði. Á árinu 2014 bárust fjögur mál er vörðuðu framangreint ákvæði. Tvö voru felld niður, ákært var í einu máli

og gefin út skilorðsbundin ákærufrestun í einu. Á árinu 2015 barst eitt mál er varðaði framan- greint ákvæði. Var ákært í því máli.

200.–202. gr. og 204. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Tímabilið 2015–2016.

Kynferðisbrot (200.–202. gr. hgl.)

Ár	Alls			Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti		Ólokin mál	
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
2015	56	27	48	19	34	3	16	15	79	2		0		1		1		3	
2016	45	5	11	3	7	0	0	0	0	0		0		0		0		35	

Kynferðisbrot (204. gr. gáleysi, sbr. 201. og 202. gr.)

Ár	Alls			Niðurfellt		Ákært		Sýknað í héraðsdómi		Sakfelld í héraðsdómi		Sýknað í Hæstarétti		Sakfelld í Hæstarétti		Ódæmt í Hæstarétti		Ólokin mál	
	Fjöldi	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
2015	1	0	0	1	100	1	100	0	0	0		0		0		0		0	
2016	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0		0		0		0		0	